

**Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ**  
**02 370**

**Ársreikningur 2021**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ  
kt. 480109-0310  
Háholti 35, 270 Mosfellsbær

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 636,1 milljónir og afkoma kr. -20,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -27,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 54,5 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Framhaldsskólans í Mosfellsbæ í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Framhaldsskólans í Mosfellsbæ fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Guðbjörg Aðalbergsdóttir,  
skólameistari

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	601.030.112	591.936.873
Aðrar tekjur .....	3	3.804.000	3.984.000
Seld þjónusta .....		14.631.821	11.470.552
Vörusala .....		4.810.000	4.551.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	915.200	1.280.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	10.920.452	10.684.435
<b>Tekjur samtals</b>		<b>636.111.585</b>	<b>623.906.860</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	460.767.899	461.279.573
Annar rekstrarkostnaður .....	6	185.011.880	179.398.213
Afskriftir .....	7	10.920.452	10.684.435
<b>Gjöld samtals</b>		<b>656.700.231</b>	<b>651.362.221</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(20.588.646)</b>	<b>(27.455.361)</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(63.281)	(75.107)
		(63.281)	(75.107)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(20.651.927)</b>	<b>(27.530.468)</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(20.651.927)	(32.028.468)
Rekstrartilfærslur .....		0	4.498.000
		(20.651.927)	(27.530.468)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		23.474.437	29.302.660
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>23.474.437</u>	<u>29.302.660</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		343.809	466.820
Tengdir aðilar .....	8	21.213.047	37.185.541
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	9	2.355.962	2.574.098
Handbært fé .....		7.120.011	7.317.284
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>31.032.829</u>	<u>47.543.743</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>54.507.266</u>	<u>76.846.403</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	10		
Hrein eign .....		(27.014.372)	(6.362.445)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(27.014.372)</u>	<u>(6.362.445)</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	437.470	317.487
Viðskiptaskuldir .....		5.020.416	5.229.355
Ýmsar skammtímaskuldir .....	11	39.304.182	29.981.984
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	12	36.759.570	47.680.022
<b>Skuldir samtals</b>		<u>81.521.638</u>	<u>83.208.848</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>54.507.266</u>	<u>76.846.403</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	13		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(20.651.927)	(27.530.468)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	7	10.920.452	10.684.435
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(10.920.452)	(10.684.435)
		<u>(20.651.927)</u>	<u>(27.530.468)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		341.147	371.499
Tengdir aðilar .....		11.000.248	(17.972.845)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		9.113.259	(5.196.404)
		<u>20.454.654</u>	<u>(22.797.750)</u>
		<u>(197.273)</u>	<u>(50.328.218)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(5.092.229)	(2.179.509)
		<u>(5.092.229)</u>	<u>(2.179.509)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		5.092.229	0
Fjárfestingarframlag .....		0	2.179.509
		<u>5.092.229</u>	<u>2.179.509</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		(197.273)	(50.328.218)
		<u>7.317.284</u>	<u>57.645.502</u>
		<u>7.120.011</u>	<u>7.317.284</u>
		<u>7.120.011</u>	<u>7.317.284</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

## Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.



## Skýringar

2021 2020

### 2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins .....	601.030.112	591.936.873
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	10.920.452	10.684.435
	<u>611.950.564</u>	<u>602.621.308</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	581.100.000	0	0	581.100.000
Fjáraukalög .....	6.600.000	0	0	6.600.000
Launabætur .....	3.100.000	0	0	3.100.000
Millifært úr varasjóð .....	3.800.000	0	0	3.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	6.430.112	0	0	6.430.112
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>601.030.112</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>601.030.112</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(621.682.039)	0	0	(621.682.039)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(20.651.927)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(20.651.927)</b>

2021 2020

### 3 Aðrar tekjur

Sala á vöru og þjónustu .....	3.804.000	3.984.000
	<u>3.804.000</u>	<u>3.984.000</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	15.200	0
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	0	1.280.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	900.000	0
	<u>915.200</u>	<u>1.280.000</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	369.093.598	374.945.336
Orlof, breyting .....	6.608.084	(932.682)
Launatengd gjöld .....	84.392.933	86.233.719
Starfsmannakostnaður .....	673.284	1.033.200
	<u>460.767.899</u>	<u>461.279.573</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	36,7	37,8
------------------------------	------	------

## Skýringar

	2021	2020
<b>6 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	729.438	414.567
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	19.580
Ýmis tæki og áhöld .....	120.039	444.674
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	172.462	185.517
Orkugjafir .....	3.135.067	3.362.910
Matvæli .....	11.907.608	8.907.246
Almennar rekstrarvörur .....	2.135.659	1.179.411
Vörukaup, almenn	18.200.273	14.513.905
Kennslu- og fönðurvörur .....	2.513.987	1.192.159
Vörukaup, sérgreind	2.513.987	1.192.159
Fundir, námskeið, risna .....	401.783	295.947
Ferðir, uppihald .....	0	73.200
Akstur .....	236.050	373.424
Sérfræðiþjónusta .....	6.361.918	6.840.705
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	424.671	405.801
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	150.077	682.735
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	109.460	850.486
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	7.683.959	9.522.298
Afnotagjöld .....	1.691.189	2.244.185
Leigugjöld .....	144.982.742	142.360.064
Notkun véla og flutningatækja .....	20.000	100.728
Verkkaup .....	8.918.936	8.437.769
Kostnaðarhlutdeild .....	817.918	886.545
Opinber gjöld .....	117.294	125.976
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	156.548.079	154.155.267
Annar rekstrarkostnaður samtals	185.011.880	179.398.213
	<b>31.12.2021</b>	<b>31.12.2020</b>
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	23.474.437	29.302.660
	23.474.437	29.302.660

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 01.01.2021 .....	122.344.156
Viðbætur á árinu .....	5.092.229
	127.436.385
Afskriftir 01.01.2021 .....	93.041.496
Afskrift ársins .....	10.920.452
	103.961.948
Staða 31.12.2021 .....	23.474.437

## Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

### 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

#### Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	21.213.047	37.185.541
	<u>21.213.047</u>	<u>37.185.541</u>

#### Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	437.470	317.487
	<u>437.470</u>	<u>317.487</u>

### 9 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Skattar .....	2.355.962	2.574.098
	<u>2.355.962</u>	<u>2.574.098</u>

### 10 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

#### Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	(6.362.445)	21.168.023
Afkoma ársins .....	<u>(20.651.927)</u>	<u>(27.530.468)</u>
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(27.014.372)</u>	<u>(6.362.445)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

### 11 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	35.716.512	29.108.428
Önnur ógreidd gjöld .....	<u>3.587.670</u>	<u>873.556</u>
	<u>39.304.182</u>	<u>29.981.984</u>

## Skýringar

### 12 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	23.474.437	29.302.660
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	13.285.133	18.377.362
	<u>36.759.570</u>	<u>47.680.022</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021 .....	29.302.660	18.377.362	47.680.022
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5.092.229	(5.092.229)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(10.920.452)	0	(10.920.452)
	<u>23.474.437</u>	<u>13.285.133</u>	<u>36.759.570</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 10,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

### 13 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga. Greiðslur vegna samninga um húsnæði munu nema kr. 146,1 milljónum árið 2022 og greiðslur vegna þjónustusamninga munu nema kr. 12,8 milljónum árið 2022.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.